

*boenda*  
FERÐIR

# STRANDPERLUR AUSTUR-ÞÝSKALANDS



**8. – 14. ágúst 2021**

**Fararstjórn: Kristín Jóhannsdóttir**

Sumar 6

Þýskaland | Pólland

## Ferðalýsing

Ferðin hefst í heimsborginni **Hamborg**, borg sem hefur svo sannarlega eitthvað upp á að bjóða fyrir alla. Einstök borgarmynd við **Alster vatn**, fögur torg og byggingar, garðar og verslanir og þarna eru einnig listasöfn og filharmóníusveit á heimsmælikvarða. Í Hamborg hófu líka Bítlarnir sinn glæsta feril. Þetta er svo sannarlega borg sem aldrei sefur. Seinni hluta ferðarinnar er dvalið í **Stralsund**, falgri borg með heildstæðan miðaldablæ sem á sér sögu samofna veldi Hansakaupmanna. Á leiðinni þangað verður komið við í **Lübeck**, perlu Norður-Þýskalands. Einstök menningarborg, sem oft er nefnd drottning hafsins og marsipangerðar. Það undrar engan sem þangað kemur að borgin skuli vera á heimsminjaskrá UNESCO. Frá Stralsund förum við í áhugaverðar dagsferðir en allir staðirnir sem við heimsækjum eiga sér mikla sögu. Stralsund og eyjarnar **Rügen** og **Usedom** voru hluti af Þýska alþýðulýðveldinu og því að mestu utan alfaraleiðar fram að sameiningu Þýsku ríkjanna. Eyjarnar eru tengdar við meginland Þýskalands með brúm. Þetta eru mjög fallegir staðir sem alltof fáir þekja. Usedom eyja er að hluta í **Póllandi** og stutt heimsókn yfir landamærin mun gefa okkur innsýn í sögu og stöðu Póllands.

**7 dagar | 6 nætur**

2 nætur Hamborg | 4 nætur Stralsund



### 8. ágúst | Flug til Hamborgar

Flogið er til Hamborg, brottför frá Keflavík kl. 7:50 en mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Við lendum í Hamborg kl. 13:05 og ökum stutta leið á hótelið.

Eftir að hópurinn hefur komið sér fyrir verður farið í stutta gönguferð til að kanna miðbæjarkjarnann, ána Alster, göngusvæðið Jungfernstig og fallegar verslunargötur sem eru skammt undan. Hamborg er önnur fjölmennasta borg Þýskalands, lífleg og heillandi borg við Alster vatn. Á Þýsku er hún oft kölluð „Das Tor zur Welt“ eða hliðið að heiminum. Ástæðan er hagstæð lega hennar við ofanverða ósa Elbu og er hún meðal stærstu hafnar- og verslunarborga í heimi.

### 9. ágúst | Skoðunarferð um Hamborg

Eftir góðan morgunverð verður farið í áhugaverða skoðunarferð um Hamborg. Byrjum á að aka um borgina, fram hjá óperunni, leikhúsinu, tónlistarhöllinni, listasafninu og Michaelis kirkjunni, sem er eitt helsta kennileiti borgarinnar. Þá liggur leiðin að höfninni og um elstu hverfi borgarinnar. Hamborg er talin grænasta borg landsins og skartar miklum fjölda fallegra garða.





Þeir sem vilja geta svo í lok skoðunarferðarinnar skoðað Holstein bjórverksmiðjuna. Fræðumst um hvernig þessi úrvals bjór er bruggaður og smökkum á framleiðslunni. Síðdegis gefst góður tími til að kíkja í búðir og skoða sig um á eigin vegum. Um kvöldið býðst þeim sem vilja að skoða hið margrómaða Reeperbahn skemmtanahverfi þar sem m.a. Bítlarnir hófu sinn glæsta feril.

## 10. ágúst | Marsipan í Lübeck



Í dag kveðjum við Hamborg og höldum til Stralsund með viðkomu í Lübeck. Lübeck er ein fegursta borg Norður-Þýskalands. Borgin er ekki svo stór, með rétt rúmlega 200.000 íbúum, en á sér engu að síður margbrotna sögu. Hún var með þýðingarmeiri hafnar- og verslunarborgunum á miðöldum þegar veldi Hansakaupmannanna var og hét. Lübeck státar m.a. af því að hafa alið þrjá

Nóbelsverðlaunahafa. Við skoðum þessa yndislegu borg, sem er á heimsminjaskrá UNESCO og án efa mun iðandi mannlífið, aldagömul sagan og fallegu byggingarnar heilla okkur á þessari göngu um borgina. Farið verður í Marzipan-Speicher en Speicher er orð yfir geymslur. Þarna voru áður geymdar hinar verðmætu möndlur Lübeck's en þær eru notaðar til framleiðslu á marsipani. Við getum litið inn á marsipansýningu og séð þar líkön úr marsipani t.d. af frægum kirkjum og byggingum; hreinustu listaverk. Áfram heldur svo ferðin til Stralsund en þangað verðum við komin síðdegis.

## 11. ágúst | Stralsund og Rügen – eyjan undurfagra

Í dag kynnumst við Stralsund en það gerum við fótgangandi í rólegheitunum. Þeir sem ekki þekkja þá borg geta látið sig hlakka til að koma í enn eina fagra borg, sem byggðist að stórum hluta á tímum

Hansakaupmannaveldisins. Borgin stendur við sjóinn, þar er einstaklega falleg höfn og hafnarsvæði og líka baðströnd. Við byrjum daginn á að röltu um gamla bæinn og sjá sem mest af undurfögum miðaldabyggingum frá tímum

Hansakaupmanna. Strax eftir hádegi ökum við yfir brúna, sem tengir Stralsund við eyjuna Rügen sem rómuð er fyrir náttúrfegurð. Skoðum hvítar sandstrendur og sandsteinakletta í Jasmund þjóðgarðinum. Þar ber hæst Königsstuhl kletturinn, sem að margra mati er einn og sér næg ástæða til að heimsækja eyjuna Rügen. Við heimsækjum strandbæinn Binz og kynnum okkur strandmenningu sem er svo allt öðruvísi en menn eiga að venjast í Suður-Evrópu. Í nágrenni Binz er Prora, byggingarferlíki nasista, 4,5 km á lengd. Þetta óvenjulega mannvirki átti að vera sameiginleg orlofsbygging fyrir um 20 þúsund manns. Í byggingunni er í dag mjög áhugavert safn sem vert er að skoða. Það segir m.a. sögu hugmyndafræðinnar að baki þessarar byggingar, sem á sér enga hliðstæðu í sögunni.



## 12. ágúst | Strandmenning á Usedom og sýnishorn af Póllandi



Ökum til eyjunnar Usedom, sem einkum er þekkt fyrir fallegar sandstrendur og strandbæi. Austasti hluti eyjunnar tilheyrir Póllandi og við byrjum á því að keyra til pólsku borgarinnar Świnoujście eða Swinemünde. Świnoujście fór mjög illa í síðari heimsstyrjöldinni og ber þess enn glögg merki. Við kynnumst Póllandi stuttlega í gegnum söguna og tökum stöðu mála þar í dag eftir að landið hefur verið í

Evrópusambandinu í 15 ár. Við stöðrum við í miðbæ Świnoujście, þar sem gefst kostur á að smakka á pólskum pylsum svo ekki sé talað um Zybrawka vodkann og Tyskie bjórin. Stoppum einnig við landamærin á stærsta sölumarkaði Póllands, þar sem keppst er um að selja allt milli himins og jarðar og hreint ótrúlegt að skoða óvenjulegt úrval söluvarningsins. Á heimleiðinni skoðum við hinn stórglæsilega strandbæ Heringsdorf, þar sem Wilhem Þýskalandskeisari sótti í náttúrufegurð og heilnæmt sjávarloft. Heringsdorf er með fagrar hvítar sandstrendur, bryggju og göngustíga sem tekist hefur að halda við sem næst því upprunalega. Norður-þýsk strandmenning rekur sögu sína aftur til 19. aldar. Strandbæjararkitektúrinn á þessum slóðum er einstakur, svo ekki sé talað um strandkörfurnar. Nægur tími verður til að fá sér hressingu og njóta strandbæjarstemningarinnar og sóla sig jafnvel í strandkörfu.

## 13. ágúst | Stríðsminjar í Peenemünde & frjáls eftirmiðdagur í Stralsund

Söguáhugafólk kemur ekki á þessar slóðir án þess að skoða Peenemünde en þar voru hinar alræmdu sprengjuverksmiðjur í síðari heimsstyrjöldinni. Nú er þar Peenemünde safnið, sem sýnir og segir sögu af smíði á vopnum, sprengjum og kaþbátum. Hægt er að fara um borð í kaþbát frá síðari heimsstyrjöldinni. Eftir hádegi gefst nægur tími til að njóta Stralsund, fara í verslanir, á söfn nú eða á ströndina. Tækifæri gefst til að skoða Ozeaneum sem er einstakt og margverðlaunað sjávarlífssafn. Þetta er stærsta safn sinnar tegundar í Þýskalandi og var kjörið safn Evrópu árið 2010. Einnig er upplagt að fara í bátsferð um hafnarsvæðið.



## 14. ágúst | Heimferð & flug frá Berlín

Eftir frábæra ferð verður ekið frá Stralsund til Berlínar. Brottför er kl. 14:15 og landing í Keflavík kl. 15:50 að staðartíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.

## Verð

204.800 kr. á mann í tvíbýli | 48.400 kr. aukagjald fyrir einbýli.

### Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgunverður allan tímann á hótelum.
- ✓ Fjórir kvöldverðir.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



### Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Tveir kvöldverðir.
- ✓ Þjófú.

### Valfrjálst

- ✓ Holstein bjórverksmiðjan ca € 10.
- ✓ Marsipansafnið ca € 4.
- ✓ Peenemünde safnið ca € 9.

